

maður, Reykjavík, og dánarbú Hjartar Lárussonar, Akureyri. Njáll Gunnlaugsson hafði eignarhluta dánarbúsins í skipinu á leigu á sildarvertiðinni í sumar og gerði skipið út einn saman, en áður höfðu eigendurnir báðir gert út skipið saman undir firmanafninu Útgerðarfélag Eyfirðings.

Skilanefnd samkvæmt II. kafla laga nr. 100 29. des. 1948 hefur tilkynnt, sbr. dskj. nr. 4, að Njáll Gunnlaugsson f. h. Útgerðarfélags Eyfirðings hafi beiðzt aðstoðar samkvæmt nefndum kafla sömu laga. Samkvæmt 16. gr. tilvitnaðra laga er óheimil hvers konar aðför vegna skulda útgerðarmanns, er sótt hefur um slíka aðstoð, þar til er skilanefnd hefur afgreitt mál hans. Ákvæði þessi þykir verða að skilja svo, að einnig nauðungaruppböð séu óheimil á hinum tiltekna tíma.

Skilanefndin hefur ekki tilkynnt, að hún hafi afgreitt aðstoðarbeiðni Njáls, og þykir því uppboðsheimild að svo komnu ekki vera fyrir hendi. Verður framangreind uppboðsbeiðni því ekki tekin til greina að svo stöddu.

Því úrskurðast:

Uppboðsbeiðni Björns Halldórssonar hdl. f. h. Lúðvíks Kjartanssonar á vélskipinu Eyfirðingi, E.A. 480, verður ekki tekin til greina að svo stöddu.

Mánudaginn 28. nóvember 1949.

Nr. 137/1949. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Garðari Ólasyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson
og próf. Ármann Snævarr í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ás-
björnssonar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt nr. 64 frá 1948 stað þann, er stjórnarmenn varðskipsins mældu hinn 22. júlí 1949, og reyndist staðurinn 0.8 sjómíllur innan landhelgis-

línu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er sannað, að kærði hefur verið að ólöglegum botnvörpuveiðum í landhelgi, og varðar brot hans við 1. gr. laga nr. 5/1920 sbr. 1. mgr. 3. gr. sömu laga og lög nr. 4/1924.

Með hliðsjón af núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, 23.594, þykir refsing kærða hæfilega ákveðin kr. 42.500.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra, þó svo, að andvirðið renni í Landhelgissjóð Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð :

Kærði, Garðar Ólason, greiði 42.500 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra staðfestast, þó svo, að andvirðið renni í Landhelgis-sjóð Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlög-mannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Húnavatnssýslu 22. júlí 1949.

Mál þetta, sem var þingfest og tekið upp til dóms í dag, er af vald-stjórnarinnar hálfu höfðað gegn Garðari Ólasyni, Hrísey, skipstjóra á togbátum m/s Hauki I. frá Ólafsfirði, Ó.F. 5, fyrir brot á ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Tildrög málsins eru sem hér segir:

Í morgun, föstudag 22. júlí, var varðskipið Sæbjörg á leið inn Húnaflóa og sá þá kl. 05.07 skip fram undan á bakborða. Var haldið að skipinu og komið að því kl. 05.27, og reyndist það vera togbáturinn Haukur I. frá Ólafsfirði, en skipstjóri á honum er Garðar Ólason, Hrísey. Skipið var með vörpu úti og var að toga og stefndi í suð-suðvestur. Fyrsti og annar stýrimaður varðsksipsins, þeir Árni Valdemarsson og Garðar Ágústsson, framkvæmdu að beiðni varðsksipsstjórans hornamælingar með sextant til staðarákvörðunar, og reyndist staður skipsins vera sem hér segir:

Kálfshamarsviti

> 96° 30'

Spákonufellsvarða

> 51° 17'

Eyjarey a.brún

og gaf þessi staðarákvörðun stað skipsins 0.8 sjómilur innan landhelgi.

Stýrimennirnir Árni og Garðar mættu sem vitni í réttinum og unnu eið að því eftir löglegan undirbúning, að þeir hefðu framkvæmt hornamælingarnar eftir beztu þekkingu og samvizku.

Kærður, Garðar Ólason, bar það fyrir sig, að hann hefði álitnið sig vera utan landhelgi, en loft hefði verið þykkt og dimmt yfir. Kveðst hann hafa verið svo öruggur um þetta, að hann hefði kastað út vörpunni og farið að toga 19 mínútum áður en varðskipið kom til hans og stöðvaði skip hans, en hann hefði vel séð varðskipið og þekkt það, en augljóst mætti vera, að hann hefði ekki kastað vörpunni beint fyrir framan varðskipið, ef hann hefði talið sig þurfa að óttast það.

Kærður neitaði ekki, að hann kynni að hafa verið innan landhelgi, en samþykkti það ekki heldur, þar sem hann hefði ekki vegna ókunnugleika getað fylgt með hornamælingunum, þótt hann ætti þess kost.

Réttinum er ljós sá möguleiki, að kærður hafi verið innan landhelgi sér óafvitandi. En þar sem líta verður svo á, að skipstjóri beri skilyrðislausu ábyrgð á veru botnvörpusksipsins við veiðar innan landhelgi, er ekki unnt að taka þessa afsökun skipstjóra til greina.

Kærður, sem er fæddur að Hleiðargarði í Eyjafirði 5/8 1909, hefur eigi áður sætt kæru né refsingu fyrir veiðilagabrot, svo að vitað sé.

Brot kærðs ber að heimfæra undir 1. grein laga nr. 5 frá 1920 sbr. 1. nr. 4 frá 1924, og þykir verða samkvæmt því að dæma hann til 10.000 — tíu þúsund — gullkróna sektargreiðslu, sem gerir, miðað við núverandi gullgengi ísl. krónu, 29.500 íslenskar krónur, er renni í Fiskveiðasjóð Íslands, og komi 6 — sex — mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Svo skulu og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli skipsins, vera upptækt og verða eign sama sjóðs.

Þá greiði kærður og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Á rekstri málsins hefur enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Garðar Ólason, Hrísey, skipstjóri á m/b Hauki I. frá Ólafsfirði, greiði 29.500 króna sekt, er renni í Fiskveiðasjóð Íslands, og komi 6 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa. Þá skulu og veiðarfæri m/b Hauks I., þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli skipsins vera upptækt og verða eign nefnds sjóðs. Þá greiði dómfelldi og allan áfallinn og áfallandi kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. nóvember 1949.

Nr. 87/1949. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)

gegn

Geir Ragnari Gíslasyni (Sveinbjörn Jónsson)

og

Hauki Hjartarsyni (Kristján Guðlaugsson).

Setudómarar próf. Ólafur Jóhannesson
og próf. Ármann Snævarr í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ás-
björnssonar.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Það athugast, að kærði Haukur hirti hagnaðinn af áfengis-sölunni 2. október 1948.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóm-inn, þó svo, að greiðslufrestur sektar hvors hinna kærðu ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Hvor hinna kærðu greiði málflutningslaun skipaðs verj-anda síns fyrir Hæstarétti, kr. 350.00. Allan annan áfrýj-unarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 500.00, greiði kærðu in solidum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar hvors hinna kærðu sé 4 vikur frá birtingu dóms þessa.